

Fundargerð 475. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2025, miðvikudaginn 10. september kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Pétur Ólafsson, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Hanna Björg Konráðsdóttir.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 474. fundar - 2509016HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 474. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 22 ágúst 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Framtíðarsýn og framkvæmdaþörf hafna - 2509006HA

Lögð fram uppfærð skýrsla um Fjárfestingar hafna á Íslandi 2025-2040.

Stjórn þakkar fyrir skýrsluna og felur formnanni að koma henni á framfæri við aðildarhafnir, innviðráðuneytið, Vegagerðina, Samgönguráð og á fjölmiðla.

3. Hafnafundur 2025 - 2509012HA

Lögð fram dög að dagskrá hafnafundar sem haldinn verður í Ólafsvík 23. október 2025.

Stjórn samþykkir drög að dagskrá og felur starfsfólki að klára undirbúning og hefja skráningu á hafnafundinn.

4. Farþegagjald 2021-2030 - 2509024HA

Lagt fram frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026. Eftirfarandi bókun var samþykkt samhljóða:

Stjórn Hafnasambands Íslands lýsir yfir bæði undrun og stórum vonbrigðum með þá ákvörðun stjórnvalda sem birtist í framlögðu fjárlagafrumvarpi að breyta í nánast engu áður boðuðum álögum á siglingar farþegaskipa við Ísland. Þessi stefna er í engu samræmi við áður gefnar yfirlýsingar ráðherra og stjórnvalda frá í sumar um endurskoðun á áður boðuðum álögum.

Fyrir liggur með skýrum hætti umtalsverð fækkun á bókunum skipa fyrir næstu ár sem er bein afleiðing af þessum stórfelldu nýju álögum. Draga mun stórlega úr siglingum farþegaskipa á hafnir hérlendis og þá fyrst og fremst á fjölmargar hafnir á landsbyggðinni. Þessar upplýsingar hafa legið fyrir um nokkurt skeið og stjórnvöld eru vel upplýst um þá stöðu. Það kemur því verulega á óvart að í nýju fjárlagafrumvarpi er í nánast engu brugðist við.

Erfitt er fyrir skipafélög að reikna með Íslandi í sínum framtíðaráformum þar sem fyrirsjáanleiki varðandi gjaldtöku er ekki fyrir hendi.

Stjórn Hafnasambandsins leggur ríka áherslu á að þessi áform verði endurskoðuð og treystir því að fjárlaganefnd og alþingi taki á þessum brýnu hagsmunamálum af bæði ábyrgð og skynsemi við yfirferð og afgreiðslu fjárlaga fyrir komandi ár.

5. Afmörkun og skilgreining hafnarsvæða - 2509011HA

Formaður gerði grein fyrir ferlinu við afmörkun og skilgreiningu hafnasvæða. Unnið er að því að fá frest að skila inn gögnum til ráðuneytisins fram á mitt næsta ár.

Fundi var slitið kl. 11:45